# Hagnaður N1 635 milljónir króna á 2. ársfjórðungi 2015

## Helstu niðurstöður:

- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) á 2F 2015 nam 1.004 m.kr. samanborið við 794 m.kr. á sama tímabili árið 2014.
- Framlegð af vörusölu jókst um 6,6% á 2F 2015 miðað við sama tímabil 2014.
- Veltuhraði birgða var 12,03 á 2F 2015 (2F 2014: 12,50).
- Aukin markaðshlutdeild í sölu á bensíni.
- Eigið fé var 8.205 m.kr. og eiginfjárhlutfall 37,3% í lok júní 2015.
- Arðsemi eigin fjár var 15,4% 6M 2015 (6M 2014: 5,8%).

| *Þúsundir króna* | *2F 2015* | *2F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *6M 2015* | *6M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 2.857.377 | 2.680.959 | 176.418 | 6,6% | 4.840.298 | 4.438.151 | 402.147 | 9,1% |
| Aðrar rekstrartekjur | 92.511 | 134.951 | -42.440 | -31,4% | 193.622 | 224.732 | -31.110 | -13,8% |
| EBITDA | 1.004.163 | 793.533 | 210.630 | 26,5% | 1.273.468 | 913.994 | 359.474 | 39,3% |
| EBIT | 828.259 | 623.020 | 205.239 | 32,9% | 922.850 | 564.281 | 358.569 | 63,5% |
| EBT | 787.792 | 606.180 | 181.612 | 30,0% | 942.700 | 507.861 | 434.839 | 85,6% |
| Hagnaður tímbilsins | 634.937 | 486.700 | 148.237 | 30,5% | 769.512 | 409.455 | 360.057 | 87,9% |
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | | | |
| Birgðir | - | - | - | - | 4.018.818 | 4.516.180 | -497.362 | -11,0% |
| Viðskiptakröfur | - | - | - | - | 4.330.639 | 4.943.509 | -612.870 | -12,4% |
| Vaxtaberandi skuldir | - | - | - | - | 7.467.499 | 6.953.373 | 514.126 | 7,4% |
| Handbært fé | - | - | - | - | 1.246.919 | 3.541.729 | -2.294.810 | -64,8% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | - | - | - | - | 6.284.262 | 3.486.535 | 2.797.727 | 80,2% |
| **Sjóðstreymi** | | | | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | 475.684 | -669.443 | 1.145.127 | 171,1% | 975.322 | -358.090 | 1.333.412 | 372,4% |
| Fjárfestingahreyfingar | -92.295 | 16.573 | -108.868 | 456,9% | -198.031 | -180.074 | -17.957 | 10,0% |
| Fjármögnunarhreyfingar | -3.900.519 | -1.654.032 | -2.246.487 | 135,8% | -4.182.917 | -1.953.772 | -2.229.145 | 114,1% |
| Handbært fé í lok tímabils | 1.246.919 | 3.541.729 | -2.294.810 | -64,8% | 1.246.919 | 3.541.729 | -2.294.810 | -64,8% |
| **Lykiltölur** | | | | | | | | |
| EBITDA/framlegð | 35,1% | 29,6% | 5,5% | 18,7% | 26,3% | 20,6% | 5,7% | 27,8% |
| Eiginfjárhlutfall | - | - | - | - | 37,3% | 51,1% | -13,8% | -27,0% |
| Laun/framlegð | 34,2% | 37,1% | -2,9% | -7,8% | 40,7% | 43,7% | -3,1% | -7,0% |
| Hagnaður á hlut | 1,11 | 0,49 | 0,62 | 126,5% | 1,21 | 0,41 | 0,80 | 195,1% |
| Arðsemi eigin fjár | - | - | - | - | 15,4% | 5,8% | 9,6% | 165,5% |
| Fjárfestingar | -86.409 | -84.871 | -1.538 | -1,8% | -217.538 | -288.402 | 70.864 | -24,6% |
| Veltuhraði birgða | 12,03 | 12,50 | -0,47 | -3,7% | 10,89 | 10,71 | 0,18 | 1,7% |

| *Þúsundir króna* | *1F 2015* | *1F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *5M 2015* | *5M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Markaðshlutdeild án JET * | 38,3% | 35,4% | 2,9% | 8,2% | 37,3% | 36,6% | 0,7% | 1,9% |
| Markaðshlutdeild bensín | 29,0% | 28,4% | 0,6% | 2,1% | 30,0% | 29,2% | 0,8% | 2,9% |

** JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti*

## Rekstur á öðrum ársfjórðungi

| *Þúsundir króna* | *2F 2015* | *2F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *6M 2015* | *6M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 2.857.377 | 2.680.959 | 176.418 | 6,6% | 4.840.298 | 4.438.151 | 402.147 | 9,1% |
| Aðrar rekstrartekjur | 92.511 | 134.951 | -42.440 | -31,4% | 193.622 | 224.732 | -31.110 | -13,8% |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | -975.936 | -993.426 | -17.490 | -1,8% | -1.968.223 | -1.940.910 | -27.313 | 1,4% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | -595.406 | -620.146 | -24.740 | -4,0% | -1.082.229 | -1.045.777 | -36.452 | 3,5% |
| Annar rekstrarkostnaður | -374.383 | -408.805 | -34.422 | -8,4% | -710.000 | -762.202 | 52.202 | -6,8% |
| EBITDA | 1.004.163 | 793.533 | 210.630 | 26,5% | 1.273.468 | 913.994 | 359.474 | 39,3% |

EBITDA á 2. fjórðungi 2015 var 211 m.kr. hærri en á sama tímabili á fyrra ári en framlegð af vörusölu var 176 m.kr. meiri en á sama tímabili 2014 sem skýrist af mestu af auknum umsvifum í tengslum við ferðamannasumarið.

## Tekjur á öðrum ársfjórðungi

| *Þúsundir lítra / velta í öðrum vörum í þúsundum króna* | *2F 2015* | *2F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* | *6M 2015* | *6M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Selt magn - bensín | 15.444 | 14.839 | 606 | 4,1% | 26.822 | 25.961 | 861 | 3,3% |
| Selt magn - gasolía | 20.774 | 20.459 | 315 | 1,5% | 36.895 | 35.848 | 1.047 | 2,9% |
| Selt magn - heild án JET | 63.042 | 62.779 | 264 | 0,4% | 121.763 | 110.379 | 11.385 | 10,3% |
| Velta annarra vara | 2.658.251 | 2.752.500 | -94.249 | -3,4% | 4.765.811 | 4.793.290 | -27.479 | -0,6% |
| Framlegð eldsneytis | 1.657.676 | 1.493.882 | 163.794 | 11,0% | 2.769.306 | 2.430.057 | 339.249 | 14,0% |
| Framlegð annarra vara | 1.199.701 | 1.187.077 | 12.624 | 1,1% | 2.070.992 | 2.008.094 | 62.898 | 3,1% |

Selt magn af eldsneyti án flugvélaeldsneytis (JET) jókst um 0,4% á 2F 2015 samanborið við 2F 2014 en framlegð jókst um 11% sem skýrist að mestu á annarri sölusamsetningu á 2F 2015 en á sama tímabili árið áður. Velta annarra vara lækkaði um 3,4% á milli 2F 2015 og 2F 2014 en framlegð jókst um 1,1% sem skýrist að mestu af markvissari birgðastýringu sem unnið hefur verið að á síðustu misserum.

## Rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi

| *Þúsundir króna* | *2F 2015* | *2F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|
| Launa- og starfsmannakostnaður | -975.936 | -993.426 | -17.490 | -1,8% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | -595.406 | -620.146 | -24.740 | -4,0% |
| Annar rekstrarkostnaður | -374.383 | -408.805 | -34.422 | -8,4% |

Launakostnaður er 17 m.kr. lægri á 2. fjórðungi 2015 en á sama tímabili 2014 en nýgerðir kjarasamningar hækkuðu launakostnað félagsins meira en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun fyrir árið 2015. Meðalstöðugildi voru 7,6% færri á 2F 2015 en á sama tímabili árið á undan.

## Fjármagnsliðir

| *Þúsundir króna* | *2F 2015* | *2F 2014* | *Breyting* | *% Breyting* |
|---|---|---|---|---|
| Fjármunatekjur | 36.717 | 87.150 | -50.433 | -57,9% |
| Fjármagnsgjöld | -102.635 | -105.978 | -3.343 | -3,2% |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 25.451 | 14.673 | 10.778 | 73,5% |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | 0 | -12.685 | 12.685 | |
| Samtals | -40.467 | -16.840 | -23.627 | 140,3% |

Fjármunatekjur voru lægri á 2. fjórðungi 2015 en á sama tímabili árið á undan vegna lægri stöðu handbærs fjár.

## Efnahagur og fjárhagsleg staða

| *Þúsundir króna* | *6M 2015* | *6M 2014* | *Breyting* | *% Breyting* | *2014* |
|---|---|---|---|---|---|
| Birgðir | 4.018.818 | 4.516.180 | -497.362 | -11,0% | 3.134.257 |
| Viðskiptakröfur | 4.330.639 | 4.943.509 | -612.870 | -12,4% | 3.042.593 |
| Vaxtaberandi skuldir | 7.467.499 | 6.953.373 | 514.126 | 7,4% | 6.580.000 |
| Handbært fé | 1.246.919 | 3.541.729 | -2.294.810 | -64,8% | 4.629.100 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | 6.284.262 | 3.486.535 | 2.797.727 | 80,2% | 2.025.309 |
| Eiginfjárhlutfall | 37,3% | 51,1% | -13,8% | -27,0% | 49,4% |
| Veltuhraði birgða | 10,89 | 10,71 | 0,18 | 1,7% | 12,13 |

Lækkun birgða og viðskiptakrafna skýrist að mestu vegna lægra olíuverðs. Vaxtaberandi skuldir aukast á tímabilinu vegna þess að félagið dró á lánalínu til að fjármagna árstíðarbundna sveiflu í rekstri félagsins. Veltuhraði birgða lækkar á milli tímabili sem skýrist af hærri birgðastöðu í eldsneyti í maí 2015 vegna verkfalla sem þá voru yfirvofandi. Eiginfjárhlutfall félagins lækkar vegna lækkunar hlutafjár á 2F 2015, sem nam 2.959 m. kr..

**Horfur í rekstri N1 hf. og uppfærð EBITDA spá 2015**

- Í ljósi afkomu á fyrri árshelmingi ársins gerir félagið nú ráð fyrir að EBITDA ársins 2015 verði 2.900 – 3.000 m.kr.
- Olíuverð á heimsmarkaði hefur lækkað á 3ja ársfjórðungi sem hefur haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Ekki er gert ráð fyrir frekari lækkun olíuverðs í uppfærðri EBITDA spá
- Miðað er við að USD/ISK verði í kringum 133
- Launakostnaður mun aukast vegna kostnaðarsamra kjarasamninga

**Hluthafar**

- Markaðsvirði félagsins í lok júní 2015 nam 18,2 milljörðum króna.
- Félagið greiddi hluthöfum arð að fjárhæð 840 m. kr. þann 8. apríl 2015.
- Lækkun hlutafjár var færð þann 8. maí 2015 og voru 2.959 m. kr. greiddar til hluthafa þann 15. maí 2015.

**Kynningarfundur fimmtudaginn 20. ágúst 2015**

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 20. ágúst 2015 í höfuðstöðvum N1 að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu N1: http://www.n1.is/n1/fjarfestatengsl/ og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

**Fjárhagsdagatal**

- Uppgjör 3. ársfjórðungs: 29. október 2015
- Ársreikningur 2015: 17. febrúar 2016

Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@n1.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (peturh@n1.is).